

Landskeppni Íslands, N-Írlands og Skotlands 1987 í Reykjavík.

Laugardaginn 7. nóv. hófst í Laugardalshöllinni landskeppni milli Íslendinga, N-Íra og Skota. Þetta var önnur landskeppnin sem efnt var til milli þessarar þjóða og tókst hún í alla staði vel.

Þá um kvöldið var keppt í sveita-keppni. Fyrst kepptu Íslendingar og N-Írar og varð jafnt á með þeim. Tvær unnar viðureignir hvor en einni lauk á jöfnum stigum. Þegar talin voru stigin sem skoruð höfðu verið kom í ljós að N-Írarnir voru með 22 stig gegn 20 stigum Íslendingana.

Næst kepptu Skotar og N-Írar og varð jafnt með sveitunum. Skotarnir höfðu þó yfirburði þegar stigin voru talin. Að lokum kepptu Íslendingar við Skota og fóru skotarnir með sigur að hólmi, unnu 3 viðureignir en Íslendingar eina. Einni lauk með jöfnum stigum. Skotar urðu því í fyrsta sæti, N-Írar í öðru og Íslendingar í því þriðja. Þessi úrslit urðu okkur nokkur vonbrigði, þar sem við höfðum náð öðru sæti árið áður í Glasgow.

Á sunnudag fór svo fram einstaklingskeppni þar sem Íslendingarnir stóðu sig mun betur en fyrri daginn. N-Írinn Terry Boyle varð í fyrsta sæti, Atli Erlendsson í öðru sæti og Konráð Stefánsson í því þriðja. Búist var við hnífjafnri viðureign Atla og Terry í baráttunni um fyrsta sætið en Atli varð að gefa viðureignina vegna meiðsla sem hann hafði hlotið fyrir í keppninni.

Báða dagana voru haldnar hópsýningar fyrir áhorfendur. Fyrri daginn voru það tíu stúlkur úr Karatefélagi Reykjavíkur sem sýndu Kata undir stjórn Jónínu Olesen. Sýndu þær kata Gekisai Dai ichi og var klappað lof í lófa fyrir samhæfnina sem þær sýndu.

Á sunnudag hófst mótið á sýningu 40 barna frá karatefélögunum í Reykjavík og nágrenni undir stjórn Jónínu Olesen en henni til aðstoðar voru Hannes Hilmarsson og Sylvía Gústafsdóttir. Var sýningin byggð upp sem stutt karate-æfing með upphitun, undirstöðu hreyfingum og samæfingum. Að lokum sýndu fjórir drengir úr Karatefélagi Reykjavíkur kata og voru krakkarnir hylltir af áhorfendum.

Dagana eftir mótið æfði síðan Íslenska landsliðið með Gerry Fleming undir Norðurlandamótið í Karate sem fram fór í Noregi 21. nóv.

Úrslit.;

Sveitakeppni.

1. Skotland
2. N-Írland
3. Ísland

Einstaklingskeppni.

- | | |
|----------------------|----------|
| 1. Terry Boyle | N-Írland |
| 2. Atli Erlendsson | Ísland |
| 3. Konráð Stefánsson | Ísland |

Reinharð Reinharðsson.

Úrslit úr sveitakeppni.

Ísland - N-Írland. (0 - 1)

		<u>sigur</u>	<u>stig</u>
Árni Einarsson	Gerald O'Boyle	1 - 0	3 - 2
Atli Erlendsson	Kevin Broderick	0 - 1	4 - 6
Halldór Svavarsson	Terry Boyle	0 - 1	3 - 6
Sigurjón Gunnsteinsson	Gavin Hutton	x - x	4 - 4
Ævar Þorsteinsson	Dan O'Boyle	1 - 0	6 - 4

		2 - 2	20 - 22

Skotland - N-Írland. (1 - 0)

D. Kinsler	Gerald O'Boyle	x - x	5 - 5
A. Mitchell	Terry Boyle	1 - 0	3 - 0
C. Mathie	Kevin Broderick	0 - 1	2 - 6
G. Morton	Dan O'Boyle	0 - 1	2 - 4
G. Fleming	Gavin Hutton	1 - 0	6 - 0

		2 - 2	18 - 15

Ísland - Skotland. (0 - 1)

Atli Erlendsson	A. Mitchell	0 - 1	1 - 6
Árni Einarsson	D. Kinsler	x - x	1 - 1
Ævar Þorsteinsson	G. Fleming	0 - 1	0 - 4
Halldór Svavarsson	C. Mathie	1 - 0	6 - 5
Konráð Stefánsson	G. Morton	0 - 1	1 - 5

		1 - 3	9 - 21

Einstaklingskeppni.

Steven Surgeoner N-Írl.	6	Sigurjón Gunnsteins. Ísl.	2
Halldór Svavarsson Ísl.	0	Konráð Stefánsson Ísl.	5
Sölvi R. Rafnsson Ísl.	0	Terry Boyle N-Írl.	6
Kevin Broderick N-Írl.	6	Ólafur Hreinsson Ísl.	0
C. Mathie Skotl.	4	Atli Erlendsson Ísl.	6
Gerald O'Boyle N-Írl.	3	Kevin Broderick N-Írl.	4
G. Morton Skotl.	2	Terry Boyle N-Írl.	6
Atli Erlendsson Ísl.	6	Konráð Stefánsson Ísl.	3
Konráð Stefánsson Ísl.	4	C. Mathie Skotl.	2
D. Kinsler Skotl.	3	G. Morton Skotl.	1
Ólafur Hreinsson Ísl.	6	Ólafur Hreinsson Ísl.	1
Dan O'Boyle N-Írl.	5	Gary Boyd N-Írl.	6
Terry Boyle N-Írl.	6	Kevin Broderick N-Írl.	5
Gary Boyd N-Írl.	2	C. Mathie Skotl.	4
Kevin Broderick N-Írl.	3	Konráð Stefánsson Ísl.	6
Steven Surgeon N-Írl.	0	Gary Boyd N-Írl.	4
Atli Erlendsson Ísl.	6	Konráð Stefánsson Ísl.	5
C. Mathie Skotl.	3	Kevin Broderick N-Írl.	4